

Nd.

773. Þingsályktun

út afránnm erlendra fiskimanna í varplöndum og selverum við strendur landsins.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina:

1. að láta hafa nákvæmar gætur á framferði útlendra fiskimanna hjér við land og koma í veg fyrir, að þeir spilli eggverum og öðrum hlunnindum landsmanna.
2. að gera gangskör að því, að bætt verði tjón það, er skipverjar á færeysku fiskiskipunum »Heimdal« og »Sunbeam« ollu á varpeyjunni Vigur í Anstnr-Skaftafellssýslu á síðastliðnu sumri.